

87 greindum mönnum, að hús þau og jarðabætur, er beiðandinn hefir gjört að Staðar-
26. maí. hrauni, sjeu að minnsta kosti 1600 kr. virði.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar birtingar og annarar ráðstafanar, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

88 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af vínföngum.*
26. maí. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 20. janúar, þ. á. sent hing- að athugasemdir reikningsendurskoðanda við reikning yfir gjöld af vínföngum, er fluttust til Skagafjarðarsýslu 1874, og athugasgrein hans við svar reikningshaldarans, og má þar af sjá, að sýslumaðurinn í nefndri sýslu hefir látið ókrafið aðflutningsgjalds af 15 tunn- um kognaks, sem tóku 130 potta hver, er fluttust 1874 til verzlunarfjelagsins við Húna- flóa frá Björgvin, en höfðu flutzt til Reykjavíkur á undan, áður en tilsk. 26. febr. 1872 um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum öðlaðist gildi, og þaðan aptur árið 1873 til Björgvinar. Leggið þjer mál þetta undir úrskurð ráðgjafans.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráð- gjafinn fær ekki sjeð, að ástæða sje til að veita uppgjöf á tollgjaldi því, er hjer er umtalsefnið.

89 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjafflutning á mál-*
26. maí. *um fyrir yfirdómi.* — Með þóknanlegum ummælum í brjefi frá 22. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, þar sem hún um leið og hún bendir á, að veittur hafi verið amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu gjafflutningur á máli, er hann fyrir hönd jafnaðarsjóðs suðurumdæmisins hafði höfðað gegn bæjarstjórninni í Reykjavík, spyrzt fyrir um, eptir hvaða reglum og eptir hverjum ástæðum veita skuli gjafflutning á íslenzkum málum, og einkum, að hverju leyti heimild sje til að veita amtsjafnaðarsjóðunum slíkan gjafflutning.

Út af þessu skal ekki undanfellt þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni, að áminnstar reglur eru, eins og þjer hafið á vikið, í kansellíbrjefi frá 14. apríl 1832, samanbornu við 3. gr. í tilsk. 23. marz 1827, sjeu gjafflutningsleyfin veitt af landshöfðingja og amtmönnum, og að sömu reglum er venjulega fylgt, þegar gjafflutningsleyfi er veitt af hlutaðeigandi ráðgjafa; en að ráðgjafinn fyrir Ísland er þó eigi rígbundinn við skilyrði þau, er til eru tekin í 3. gr. til- skipunarinnar frá 1827, ef til þess kæmi, að hann veitti gjafflutningsleyfi við íslenzka dómstóla, og eins er um dómsmálaráðgjafann, að því er kemur til veitingar á umrædd- um leyfisbrjefum í hæztarjettarmálum. Því skal þar að auki við bætt, að það er hjer með samþykkt, er herra landshöfðinginn hefir veitt amtmanninum fyrir hönd amtsráðsins gjaf- flutning á ofanefndu máli fyrir undangengnum dómstólum, og eins hefir ráðgjafinn sent dómsmálaráðherranum með meðmælum sínum brjef yðar frá 26. maí þ. á., þar sem þjer leggið til, að amtsráðinu sje veitt gjafflutningsleyfi fyrir hæztarjetti í margnefndu máli.

STJÓRNARTÍÐINDIN 1874—76 fást aðeins innhept og kosta þau í kápu: 1874 kr. 0,95, 1875 kr. 1,90 1876 kr. 1,90 alls 4 kr. 75 a. Utanbøjarmenn er óska sjer tíðindin fyrir þessi ár send með pósti verða auk nú nefnds andvirðis, að senda ritstofu landshöfðingja burðargjald (60 a.). Einstök blöð af Stjórnartíðindunum munu jafnaðarlega því að eins geta fengizt, að beið sje um þau innan 3 mán- aða frá því, að viðkomandi blað kom út.